

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps  
50. fundur.

**Miðvikudaginn 7. maí 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum. kl. 13.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.**

**Dagskrá:**

1. **Málefni grunnskóla og leikskóla, formaður fræðslunefndar og skólastjóri Húnavallaskóla mæta til fundar.**
2. **Drög að samningum byggðasamlaga um verkefni Héraðsnefndar.**
3. **Drög að leigusamningi vegna Húnavallaskóla við Ferðapjónustu Húnavatnssýslu.**
4. **Rotþróaaætlun.**
5. **Viðhaldsáætlun Húnavallaskóla.**
6. **Fyrirkomulag refa og minkaveiða.**
7. **Aðalskipulagsgerð og Staðardagskrá 21.**
8. **Málefni Ámundakinnar ehf.**
9. **Ársreikningur Húnavatnshrepps 2007, seinni umræða.**
10. **Fundargerðir:**
  - a) **Hússtjórnar Húnavers dags. 7. apríl 2008.**
  - b) **Hússtjórnar Dalsmynnis dags. 29. apríl 2008**
  - c) **Aðalfundar Menningarráðs Norðurl. vestra, dags. 5. apríl 2008.**
  - d) **Samráðsfundar fámennari sveitarfélaga dags 3. apríl 2008.**
  - e) **Fundargerð aðalfundar Auðkúluheiðar ehf, dags. 30. apríl 2008.**
  - f) **Annar liður fundarg. Fjallskd. Auðkúluheiðar dags. 24. febr. 2008. (áður á dagskrá 47. fundar, liður 5 d)**
11. **Bréf:**
  - a) **Frá Hvöt dags. 25. apríl 2008.**
  - b) **Frá Regula lögmannsstofu dags. 28. mars 2008**
  - c) **Frá Fjarska ehf dags. 1. apríl 2008.**
  - d) **Frá Samstöðu dags. 28. apríl 2008.**
12. **Önnur mál**

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.10

Samþykkt var að taka fundargerð fræðslunefndar dags. 6. maí 2008 á dagskrá undir lið 1. Samþykkt var að taka fundargerð menningar- íþróttá og æskulýðsnefndar dags. 30. apríl 2008 á dagskrá undir lið 10 g)

**1. Málefni grunnskóla og leikskóla, formaður fræðslunefndar og skólastjóri Húnavallaskóla mæta til fundar.**

Fundargerð fræðslunefndar dags. 6. maí 2008, var tekin á dagskrá undir þessum lið.

Formaður fræðslunefndar boðaði forföll. Skólastjóri mætti til fundar. Lögð var fram tillaga að kennslustundakvóta skólaárið 2008-2009. Gert er ráð fyrir aukinni samkennslu og að kennurum fækki um einn. Skólastjóri kynnti skipulag kennslunnar næsta skólaár. Fræðslunefnd leggur til að bætt verði við leiktækjum á skólalóð gengið verði frá gúmmímottum undir leiktæki og mön tyrfð. Farið var yfir það hvaða kennarar eru í réttindanámi. Fræðslunefnd leggur til að áætlun um kennslustundakvóta verði samþykkt. Fræðslunefnd hefur staðfest fyrir sitt leyti ráðningar leiðbeinenda í kennarastöður fyrir næsta skólaár. Ræddir möguleikar á að nemendur grunnskóla í sýslunni hittist oftari í leik og starfi og að virkja foreldrafélagið í þessu máli.

## Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 50. fundur.

Rætt var um skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk skóla og skólabilstjóra. *Hreppsnefnd samþykkti samhljóða fyrirbyggjandi tillögu að kennslustundakvóta fyrir skólaárið 2008-2009. Hreppsnefnd samþykkti samhljóða ráðningar í kennarastöður samkvæmt tillögu fræðslunefndar.*

Fundargerð fræðslunefndar var samþykkt.

### **2. Drög að samningum byggðasamlaga um verkefni Héraðsnefndar.**

Fyrir fundinum liggja drög að samningi Blönduósbæjar, sveitarfélagsins Skagastrandar, Skagabyggðar og Húnavatnshrepps um samstarf á sameiginlegum verkefnum sveitarfélaganna sem hafa verið unnin skv. samningum um héraðsnefnd og félagsþjónustu.

Einnig liggja fyrir fundinum eftirfarandi drög að samþykktum og samningum:

Drög að samþykktum fyrir byggðasamlag um tónlistarskóla A-Hún.  
*Hreppsnefnd Húnavatnshrepps leggur til að þær breytingar verði gerðar á 4. gr að stjórn byggðasamlagsins gegni ekki hlutverki skólanefndar, heldur verði skipuð þriggja manna skólanefnd og þrír til vara.*

Drög að samþykktum fyrir byggðasamlag um menningar og atvinnumál.  
Drög að samþykktum fyrir byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu A-Hún.  
Drög að samningi um búfjárefartilits- og fjallskilanevnd A-Hún.  
Drög að samningi um gróður- og náttúruverndarnefnd A-Hún.

Drögin verða tekin til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi hreppsnefndar.

### **3. Drög að leigusamningi vegna Húnavallaskóla við Ferðaþjónustu Húnavatnssýslu.**

Fyrir fundinum liggja drög að leigusamningi við Ferðaþjónustu Húnavatnssýslu vegna reksturs sumarhótelis að Húnavöllum, árin 2009 til 2011, ásamt drögum að samningi um rekstur sundlaugar Húnavalla sumarið 2008.

*Hreppsnefnd samþykkti að gera breytingu á 3. gr. leigusamnings um rekstur sumarhótelis. Drögin þannig samþykkt samhljóða ásamt drögum um sundlaugarsamning.*

### **4. Rotþróaaætlun.**

Lögð fram skýrsla um fráveituframkvæmdir í Húnavatnshreppi, sem unnin er af Ráðbarði sf. *Hreppsnefnd samþykkti fyrirbyggjandi skýrslu með ákveðnum fyrirvörum og að hún verði send til umhverfisráðuneytis.*

### **5. Viðhaldsáætlun Húnavallaskóla.**

Kynnt skýrsla um ástandsmat og viðhaldsáætlun á Húnavallaskóla tímabilið 2008-2023, sem unnin er af verkfræðistofunni Línuhönnun. Skýrslan varðar viðhalds- og kostnaðaráætlun vegna viðgerða utanhúss á skóla- og íþróttahúsi á Húnavöllum.

Viðgerðum á þaki kjarnabyggingar er lokið. Þegar þakið var rofið kom í ljós að skemmdir voru meiri en áætlað var. Kostnaður við þessar viðgerðir er um 2 milljónir kr. *Hreppsnefnd samþykkti að farið yrði í viðgerðir á þaki íþróttahúss. Sveitarstjóra falið að vinna að framgangi verksins í samræmi við umræður á fundinum.*

### **6. Fyrirkomulag refa og minkaveiða.**

Hreppsnefnd samþykkti að unnið yrði að gerð samninga vegna refa og minkaveiða á sama grunni og á síðasta ári. Greiðsla fyrir unnin dýr verði óbreytt en launaliður hækki í samræmi við verðlagshækkunar.

## Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 50. fundur.

### **7. Aðalskipulagsgerð og Staðardagskrá 21.**

Vinna verður að skráningu fornleifa á jörðum í Húnavatnshreppi samhliða aðalskipulagsgerð. *Hreppsnefnd fól sveitarstjóra að leita tilboða hjá þeim aðilum sem annast slíka skráningu.*

### **8. Málefni Ámundakinnar ehf.**

Jón Gíslason kynnti starfsemi Ámundakinnar ehf. Verulegur hagnaður var á rekstri fyrirtækisins á árinu 2007. Eignahluti Húnavatnshrepps í Ámundakinn ehf er um 13%. Fram kom að Ámundakinn ehf á orðið meirihluta í Húnakaupum. Aðalfundur Ámundakinnar ehf verður 16 maí n.k.

*Hreppsnefnd samþykkti að Björn Magnússon færi með umboð Húnavatnshrepps á fundinum.*

### **9. Ársreikningur Húnavatnshrepps 2007, seinni umræða.**

Teknir voru fyrir til seinni umræðu ársreikningar Húnavatnshrepps vegna ársins 2007. Fyrir fundinum liggja ársreikningar Húnavatnshrepps, ásamt sundurliðunarskýrslu og skýrslu endurskoðanda.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins A og B hluta námu 285,8 millj. kr. Rekstrargjöld A og B hluta námu 272,5 millj. kr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 18,4 millj. kr.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 31,7 millj. Samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að reksturinn yrði jákvæður um 10,9 millj. kr.

*Ársreikningur Húnavatnshrepps var borin upp til atkvæða og samþykktur með fimm greiddum atkvæðum, tveir sátu hjá.*

Ársreikningar voru undirritaðir af hreppsnefndarmönnum.

### **10. Fundargerðir:**

#### **a. Hússtjórnar Húnavers dags. 7. apríl 2008.**

Lögð fram til kynningar.

#### **b. Hússtjórnar Dalsmynnis dags. 29. apríl 2008**

*Sveitarstjóra falið að kanna með bundið slitlag við Dalsmynni.*

Að öðru leiti lagt fram til kynningar.

#### **c. Aðalfundar Menningarráðs Norðurl. vestra, dags. 5. apríl 2008.**

Lögð fram til kynningar

#### **d. Samráðsfundar fámennari sveitarfélaga dags 3. apríl 2008.**

Lögð fram til kynningar.

#### **e. Fundargerð aðalfundar. Auðkúluheiðar ehf, dags. 30. apríl. 2008.**

Lögð fram til kynningar.

#### **f. Annar liður fundarg. Fjallskd. Auðkúluheiðar dags. 24. febr. 2008.**

**(áður á dagskrá 47. fundar, liður 5 d)**

Varðar það að útbúa bílastæði vestan nánthaga Auðkúluréttar og bæta aðgengi fólks að og frá réttinni.

*Hreppsnefnd samþykkti að farið verði í að lagfæra aðgengi að og frá réttinni, áætlaður kostnaður er um 400 þúsund.*

#### **g. Menningar- íþróttá og æskulýðsnefnd dags. 30. apríl 2008.**

Fundargerðin samþykkt.

### **11. Bréf:**

#### **a) Frá Hvöt dags. 25. apríl 2008.**

# Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

## 50. fundur.

Efni: Styrkbeiðni.

*Hreppsnefnd telur sér ekki fært að verða við erindinu.*

### **b) Frá Regula lögmansstofu dags. 28. mars 2008**

Efni: Kynning á lögmansþjónustu vegna þjóðlendumála.

*Hreppsnefnd hefur þegar ráðið lögmann vegna þjóðlendumála.*

### **c) Frá Fjarska ehf dags. 1. apríl 2008.**

Efni: Lagning ljósleiðarastrengs.

*Hreppsnefnd óskar eftir að fá fulltrúa Fjarska til viðræðna um erindi bréfsins.*

### **d) Frá Samstöðu dags. 28. apríl 2008.**

Efni: Ályktun um fyrirhugaða sameiningu heilbr.stofnunarinnar á Blönduósi og heilbr.stofnunarinnar á Sauðarkróki.

*Hreppsnefnd tekur undir efni bréfsins og lýsir áhyggjum sínum á því, að verði af sameiningunni þá skerðist sjálfstæði stofnunarinnar á Blönduósi og möguleiki hennar til að styrkjast og eflast með hagsmuni héraðsins í huga.*

*Hreppsnefnd óskar eftir að funda með vinnuhópi á vegum Heilbrigðisráðuneytisins sem skipaður var til þess að vinna að sameiningu stofnananna í samvinnu við heimamenn.*

## **12. Önnur mál**

Tekið fyrir erindi frá Helgu Bergsdóttur og Jóel Kristjánssyni þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Húnavatnshrepps um stofnun lögbýlis á Dunhóli land, landnúmer 177430, vegna umsóknar til Sjávar- og landbúnaðarráðuneytis um stofnun lögbýlis skv. V. kafla jarðarlaga nr. 81/2004.

*Hreppsnefnd samþykkti með 6. atkvæðum að mæla með stofnun lögbýlis á Dunhóli land, landnúmer 177430.*

Jón Gíslason sat hjá við afgreiðslu málsins.

Lagt fram erindi frá Búnaðarfélagi Torfalækjarhrepps þar sem sótt er um styrk að upphæð 700 þúsund kr. til tækjakaupa.

*Samþykkt var að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar í hreppsnefnd.*

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.50

---

Björn Magnússon

---

Tryggvi Jónsson

---

Jón Gíslason

---

Birgitta Halldórsdóttir

---

Jóhanna E Pálmadóttir

---

Ólöf Birna Björnsdóttir

---

Gróa M Lárusdóttir

---

Jens P. Jensen